

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða, enda liggja fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 437, 14. september 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 12. október 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 475

14. október 1987

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Björns Jónssonar frá Kóngsbakka, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. október 1987.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Björns Jónssonar frá Kóngsbakka.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður Björns Jónssonar frá Kóngsbakka.“

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000 — ein milljón krónur — sem stofnandi sjóðsins leggur fram.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæk heimili og/eða einstaklinga í Helgafellssveit og Stykkishólmi.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru A: vaxtatekjur af höfuðstól, B: aðrar tekjur.

5. gr.

Sjóðurinn skal geymdur í Búnaðarbanka Íslands, útibúi, Stykkishólmi. Sjóðstjórn skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með bestu áánlegum kjörum. Heimilt skal að verja árlega vaxtatekjum sjóðsins í samræmi við tilgang hans. Berist ekki umsóknir um framlög úr sjóðnum, skal leggja vextina við höfuðstólinn. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðendum sveitarsjóðs Stykkishólms.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, útibússtjóra Búnaðarbanka Íslands, Stykkishólmi, sem skal vera formaður sjóðsstjórnar, oddvita Helgafellssveitar og stofnanda sjóðsins, meðan hans nýtur við, en síðan komi í hans stað í stjórnina sóknarprestur Stykkishólmsprestakalls.

7. gr.

Stjórnin skal bera ábyrgð á eignum sjóðsins, taka á móti umsóknum eða ábendingum um styrki úr honum, og taka ákvörðun um styrkveitingu.

Halda skal gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana ákvarðanir stjórnarinnar. Stjórnin skal halda a.m.k. tvo fundi árlega, vor og haust, og skal úthlutun úr sjóðnum fara fram á haustfundinum, sem haldinn skal eigi síðar en 1. október.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 1. júlí til jafnlengdar að ári.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema allir stjórnarmenn séu breytingunni samþykkir.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ**um bensíngjald.**

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 1. nóvember 1987 skal gjald þetta nema kr. 12,60 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. nóvember 1987. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 515/1986 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 1. nóvember 1987 skal greiða kr. 2,11 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 1. nóvember 1987 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. nóvember 1987.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal heimilt að gera innflutningsgjald af bensíni upp miðað við sölu birgða. Frestur til greiðslu gjaldsins til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum solumánaðar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 515/1986 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. október 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Lárus Ögmundsson.